



FRÉTTATILKYNNING

frá Þjóðskjalasafni Íslands 8. nóvember 2012

Íþrótt- og æskulýðsstarf á 20. öld

er yfirskrift norræna skjaladagsins nk., laugardag 10. nóvember 2012

Norræni skjaladagurinn verður haldinn hátíðlegur hjá Þjóðskjalasafni og mörgum héraðsskjalasöfnum landsins á laugardaginn kemur, 10. nóvember. Opinber skjalasöfn á Norðurlöndum hafa lengi kynnt starfsemi sína með ýmsu móti og árið 2001 sameinuðust þau um árlegan kynningardag, annan laugardag í nóvember. Í ár er viðfangsefni dagsins *íþrótt- og æskulýðsstarf á 20. öld*. Markmiðið er að vekja athygli og áhuga á rannsóknum á sögu æskulýðssamtaka, og hvetja félög og einstaklinga til þess að bjóða skjöl frá slíku starfi til vörslu í skjalasöfnum.

Sameiginlegur vefur

Eins og fyrri ár sameinast hin opinberu skjalasöfn landsins um sameiginlegan vef til kynningar á skjaladeginum og áhugaverðu efni. Slóðin er www.skjaladagur.is. Þar er að finna fjölmargt efni sem söfnin hafa grafið upp og tengist íþrótt- og æskulýðsstarfi með ýmsu móti.

Opið hús í Þjóðskjalasafni

Laugardaginn 10. nóvember verður opið hús í Þjóðskjalasafni. Í tilefni af þema skjaladagsins í ár og 100 ára afmælis skátahreyingarinnar mun Þjóðskjalasafn helga dagskrá sína skátahreyingunni og starfsemi hennar. Dagskráin fer fram í skrifstofubyggingu safnsins að Laugavegi 162, 3. hæð.

Dagskrá

Kl. 12 - 16 Sýning á margvíslegum skjölum og munum frá skátahreyingunni. Meðal skjala eru gamlar ljósmyndir og kvikmyndir, svo sem kvikmynd frá landsmóti skáta 1962. Sýning kvikmynda hefst kl. 12:15.

Erindi:

Kl. 13:00 Eiríkur G. Guðmundsson settur þjóðskjalavörður: Opnun dagskrár og skjaladagsvefjar.

Kl. 13:05 Ólafur Ásgeirsson, fyrrverandi skátahöfðingi og þjóðskjalavörður: *Upphaf skátastarfs á Íslandi*.

Kl. 13:20 Björn Jón Bragson sagnfræðingur og fyrrverandi deildarforingi: *Loftvarnarsveitir skáta í Reykjavík í seinni heimsstyrjöld*.

Kl. 13:40 Formleg afhending á skjölum skátahreyingarinnar til Þjóðskjalasafns.

Kl. 13:50 Kaffihlé

Kl. 14:15 Anna Kristjánsdóttir prófessor emerita, fyrrverandi framkvæmdastjóri Bandalags íslenskra skáta: *Samstarf kvenskáta og drengjaskáta á Íslandi frá upphafi vega*.

Kl. 14:35 Hulda Rós Helgadóttir skátaforingi: *Reynsla mín af skátastarfi*.

Kl. 14:50 Ólafur Proppé fyrrverandi rektor, formaður fræðsluráðs Bandalags íslenskra skáta: *Uppeldisgildi skátahreyingarinnar*.

Kl. 15:15 Kvikmyndir sýndar.

Klukkan 13:40 á laugardaginn munu fulltrúar skáta og Þjóðskjalasafns, Ólafur Proppé fyrir hönd Bandalags íslenskra skáta, Hrönn Þormóðsdóttir formaður Skátasambands Reykjavíkur og settur þjóðskjalavörður Eiríkur G. Guðmundsson, skrifa undir samkomulag um afhendingu á skjölum skátahreyfingarinnar til Þjóðskjalasafns. Þjóðskjalasafn mun varðveita safnið og annast það til frambúðar og veita aðgang að því á grundvelli laga. Skjalasafn skátahreyfingarinnar er um 60 hillumetrar að stærð. Það er verður opnað til afgreiðslu 22. febrúar 2013, á afmælisdegi Baden Powels stofnanda hreyfingarinnar.

Fáðu ráðgjöf um skjölin þín

Margir eiga í fórum sínum fundargerðabækur, bréf, myndir og fleiri skjöl sem eiga erindi á skjalasöfn. Fólk hvatt til að hafa samband við næsta héraðsskjalasafn eða Þjóðskjalasafn ef það hefur undir höndum skjöl sem það veit ekki hvað gera á við. Sérfræðingar Þjóðskjalasafns munu veita ráðgjöf um meðferð skjala á opnu húsi í Þjóðskjalasafni á laugardaginn kemur, 10. nóvember.

Nánari upplýsingar veita Eiríkur G. Guðmundsson, settur þjóðskjalavörður og sviðsstjóri upplýsingasviðs Þjóðskjalasafns Íslands, , netfang: eirikur@skjalasafn.is, og Benedikt Eypórsson skjalavörður, netfang: benedikt.eythorsson@skjalasafn.is, í síma 590 3300.